



4. fundur í aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn 24. ágúst 2016

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:15

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Geirarður Long (GL), Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Einar Grétarsson (EG), Anna Fríða Magnúsdóttir og Ólafur Thoroddsen (ÓTh).

Auk þeirra sat Indriði framkvæmdastjóri fundinn.

Kristrún Kristjánsdóttir boðaði forföll.

Dagný formaður bauð fundarmenn velkomna á fund.

Dagskrá:

1. Stundatafla og starfsemi haustins.

Framkvæmdastjóri kynnti tímatöflu vetrarins. Auglýsing birtist í Mosfellingi sem kom út 23. ágúst. Ákveðinn galli að setja út auglýsingu svona snemma vegna þess að tímataflan er ekki skotheld. t.d. breytingar vegna þjálfara o.s.frv.

Indriði sendir á stjórn þær athugasemdir sem komu við upphaf töflugerðar.

Almennar umræður um tímatöflu og tímatöflugerð.

Rætt um talningar í sölum. Nóri er með app í smíðum sem hægt er að nota til að skrá mætingar. Ester verður beðin um að senda póst og athuga hvar það mál stendur.

2. Kynningardagur félagsins á bæjarhátíðinni laugardag 27. ágúst.

Aftureldingarbúðin verður með tilboð. Kynningarbás deilda á útisvæði og sýningar í sölum.

3. Búninganefnd, niðurstaða hennar og hugmyndir.

Indriði kynnr fund búninganefndar og Errea sem haldinn var í síðustu viku. Góður fundur þar sem skiptst var á skoðunum og málin rædd.

Beiðni kom frá blakdeild um að deildin fengi leyfi til að taka upp búning með öðru sniði og efni.

Fundargerð búninganefndar lögð fram og er samþykkt.

4. Erindi frá sunddeild.

Formaður deildarinnar sendi erindi þann 30. júní sl.

Formaður félagsins ræðir við formann íprótta- og tómsfundanefndar. Stjórn sunddeildar verður boðuð á fund fulltrúa aðalstjórnar.

5. Erindi frá hjólaáhugafólki.

Erindi lagt fyrir.

Aðilum boðið að koma og kynna hugmyndina fyrir aðalstjórn.

6. Aðalstyrktaraðili, staða mála.

Rætt um fyrirkomulag og aðila. Vinna sett í gang.

7. Skipting á fjármunum vegna sölu leikmanna.

Uppeldisbætur. Birna Kristín kynnti hvað hefur komið fram og hvernig þessum málum er fyrirkomið hjá öðrum félögum. Umræður.

8. Önnur mál.

Staða fjölnotaíþróttahúss rædd. Ákveðið að biðja um fund með bæjaryfirvöldum.

Fundi slitið 20.19.

Dagný Kristinsdóttir

(sign.)